



Íbúar

Á Austurlandi eru íbúar rúmlega 10 þúsund og hefur sá fjöldi verið nær óbreyttur frá lokum stóriðjuframkvæmda 2008. Fjölmennasti þéttbýliskjarninn er Egilsstaðir og Fjarðabyggð er fjölmennasta sveitarfélagið. Samanlagt búa tæplega 80% íbúa Austurlands á Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggð; svæðið er oft kallað Mið-Austurland. Þetta hlutfall hefur aukist um tæp 10% síðustu 20 ár og að sama skapi fækkað hlutfallslega á stöðum fjær miðsvæðinu. Kynjahlutfall íbúa Austurlands er þannig að 52% eru karlar og 48% konur. Hlutfallið er mjög mismunandi milli staða en konur þó hvergi fleiri en karlar. Jafnast er hlutfallið á Egilsstöðum en ójafnast á Reyðarfirði, Eskifirði og Breiðdalsvík þar sem karlar eru um 55% íbúa. Aldurssamsetning er nokkuð ólík milli sveitarfélaga og eru hlutfallslega helmingi fleiri undir tvítugu á miðsvæðinu og Djúpvogum en á Borgarfirði þar sem aðeins 15% íbúa eru undir tvítugu.


Íbúafjöldi á Austurlandi 1998-2005 og 2009-2017




Þéttbýliskjarnar > 700 íbúar 2012 og 2017



Kynjahlutföll 2017




Aldurssamsetning




Tekjur¹

Á Austurlandi eru hæstu heildartekjur að meðaltali í Fjarðabyggð, hærri en meðaltekjur á landinu öllu og töluvert hærri en tekjur í öðrum sveitarfélögum á Austurlandi. Tekjur hafa hækkað hlutfallslega meira á Austurlandi en á landinu öllu. Munur á launum kynjanna er umtalsverður á Austurlandi ef miðað er við heildartekjur að meðaltali. Meðallaunamunur kynja, mældur sem hlutfall kvenna af launum karla á Austurlandi breyttist frá 2007 til 2015, úr 66% í 70%.


Tekjur 2007-2015 eftir stöðum miðað við Fjarðabyggð og landið allt



Tekjur karla og kvenna í Fjarðabyggð og á Fljótsdalshéraði 2007-2015



Laun kvenna sem hlutfall af launum karla 2007-2015 eftir stöðum




¹ Tekjurnar eru heildartekjur; samtala atvinnutekna, fjármagnstekna og annarra tekna. Meðaltal allra framteljenda


Glæpir

Ríkislögreglustjóri gefur út afbrotatölfræði og er þar að finna yfirlit yfir brotaflokk og tíðni eftir landshlutum. Nýjustu tölur eru frá 2015 og þar sem oft eru miklar sveiflur í tíðni í fámennari landshlutum er hér birt meðaltal árána 2013-2015. Til að meta hlutdeild Austfirðinga til glæpa og afbrota á landsvísu er gott að hafa til hliðsjónar að Austfirðingar voru um 3,5% landsmanna. Umferðarlagabrot virðast vera helstu afbrot Austfirðinga, þá sérstaklega hraðakstur. Öryggi virðist fremur mikið, ofbeldisbrot eru fá og innbrot fátíð.


Öll brot 2013-2015




Innbrot




Hraðakstur




Umferðarlagabrot




Stöðvunarskylda ekki virt



Brot gegn valdstjórninni




Ölvun á almannafæri




Powered by Bing
© GeoNames, Microsoft, Navteq, Wikipedia

Kynferðisbrot



Powered by Bing
© GeoNames, Microsoft, Navteq, Wikipedia

Fjárdráttur



Powered by Bing
© GeoNames, Microsoft, Navteq, Wikipedia